

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2022

haldinn á Skjöldólfsstöðum, laugardaginn 23. apríl kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Árna Óðinssonar, starfsmanns Landsvirkjunar
 - Erindi Þrastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
 - a. Kosning formanns til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs
 - d. Kosning kjörbréfanefndar
9. Arðgreiðslur
10. Önnur mál

Þorvaldur P. Hjarðar formaður setti fund kl. 14.05 og bauð fundarmenn velkomna. Hann bað menn að minnast fyrsta formanns félagssins Aðalsteins Aðalsteinssonar frá Vaðbrekku, sem var jarðsúnginn sl. þriðjudag, með því að rísa úr sætum. Að því loknu gerði hann tillögu um starfsmenn fundarins: Aðalstein I. Jónsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmati hans. Enginn gerði athugasemd. Að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Erindi gesta

Árni Óðinsson starfsmaður hjá Landsvirkjun

Árni Óðinsson skilaði kveðjum frá Sindra stöðvarstjóra í Fljótsdalsstöð. Hann fór yfir nokkrar glærur varðandi stöðu Háslóns og hvenær von sé á yfirfalli miðað við undanfarin ár. Ekki hægt að segja neitt nákvæmar en að mestar líkur séu á yfirfalli um miðjan ágúst. Hann hvað Landsvirkjun reiðubúna að skoða með veiðifélaginu hvort botngerðarmat geti verið hluti af rannsóknum við ána og óskaði eftir að stjórn sendi formlega ósk um það. Þá hvatti hann félagið til að senda beiðni um aðstoð ungmennavinnuflokks Landsvirkjunar í sumar sem endranær.

Þröstur Elliðason, leigutaki og fyrirsvarsmannur Strengja

Þröstur Elliðason flutti sitt erindi gegnum netið sökum þess að hann var kominn með flensu. Hann fór yfir veiðitölur frá síðasta ári og sýndi tölfræði. Í henni kom m.a. fram hvernig veiðin færðist á síðasta ári ofar í ána og afar lítið veiddist neðan við þjóðveggarbrú. Sökum hás vatnshita var laxinn kominn lengst upp á Dal þegar veiðin hófst eftir leysingar í byrjun júlí. Smálaxagöngur voru fáar og vegna sólar og hita varð veiðin treg en samt komu hátt í 600 laxar í veiðibækur. Afar lítil veiði var hins vegar í þveránum og Fögruhlíðará. Af þeim sökum sagðist Þröstur ætla að auka gönguseiðasleppingar í þær til að tryggja veiði eftir að yfirfallið kemur. Áfram verður samt sleppt seiðum í Jöklu og reynt að nýta betur læki og þverár hennar fyrir seiðin. Ekki síst í ljósi þess gríðarlega yfirfalls sem kom með 500 rúmmetra rennsli í ágúst á síðasta ári og var um langa hríð yfir 300 rúmmetrum á sekúndu. Sagðist Þröstur óttast um afdrif seiðanna í þessu mikla rennsli.

Próstur sagði líka frá framkvæmdum við Hálsakot en í vor verður Jökla eitt veiðisvæði utan frá Skipalág við Hallgeirsstaði og upp í Tregluhyl á Efra-Dal. Meiri áhersla verður lögð á að veiðimenn kaupi fulla þjónustu og verið að bæta aðstöðu bæði starfsfólks og gesta í Hálsakoti. Þá verður settur aukinn kraftur í að selja Fögruhlíðarána sérstaklega og verður neðsti hluti Jöklu frá Kaldárós með í þeim pakka sem þrjár stangir.

Próstur sagði bókanastöðu ágæta fyrir sumarið og að væntanlega myndi lokun Rússlands auka ásókn erlendra veiðimanna hérlandis.

Var nú haldið áfram með hefðbundin aðalfundarstörf.

2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Atkvæðaskrá hafði verið send út með fundarboði og ekki komið fram athugasemdir við hana, alls 74 atkvæði. Þorsteinn P. Gústafsson, fulltrúi kjörbréfanefndar, var búinn að fara yfir umboð og mætingu. Hann kynnti niðurstöður. Mættir á þennan aðalfund voru 20 manns með gestum í sal á Skjöldólfsstöðum. Atkvæði teljast 35, þar af eru skrifleg umboð 22. Sjá nánar um atkvæði í fylgiskjali 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá eiganda Litla-Bakka	1 atkv.
	umboð frá ábúanda Skriðuklausturs	1 atkv.
Halla Eiríksdóttir	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaða 3	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Hákonarstaða II og Breiðalæks	2 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eigendum Hjarðarhaga	1 atkv.
-	umboð frá eigendum Laugarvalla	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Blöndugerði	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Blöndubakki	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Stórabakka	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hrærekslæks	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hjarðargrundar	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Torfastaða	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Árteigs og Hnitbjarga	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Hrafnabjarga III	1 atkv.
Agnar Benediktsson	umboð frá eiganda Hvannár I og III	2 atkv.
Aðalsteinn I. Jónsson	umboð frá eiganda Klaustursels	1 atkv.

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

Agnar Benediktsson	eigandi Hvannár II	1 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	eigandi Vörðubrunar	1 atkv.
Þorsteinn P. Gústafsson	eigandi Geirastaða 2	1 atkv.
Guðmundur Ólason	eigandi Hrólfsstaða	1 atkv.
Snæbjörn Ólason	eigandi Hauksstaða	1 atkv.
Sigurður H. Jónsson	eigandi Mælivalla og Skuggahlíð	2 atkv.
Stefán H. Jónsson	eigandi Hnefilsdalur I og II	2 atkv.
Sólrún Hauksdóttir	eigandi Merkis, Arnarhóls og Arnórsstaðaparts	3 atkv.
Anna Guðný Halldórsdóttir	eigandi Brúar fer m. sameiginlegt atkvæði	1 atkv.

Engar athugasemdir voru gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

3. Skýrsla stjórnar

Sökum tæknilegra annmarka flutti Þorvaldur P. Hjarðar formaður skýrslu stjórnar á undan erindum gesta. Hann fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs og bað

veiðiréttarhafa sérstaklega afsökunar á að arðgreiðslur vegna 2020 og 2021 hefðu skilað sér seint í gegnum bankakerfið, en þær voru greiddar núna í apríl. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Farið var yfir ársreikning félagsins, sjá fylgiskjal 3. Ársreikningur hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Halla gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi 2021.

Helstu niðurstöðutölur eru þessar:

Rekstrartekjur	3.038.436 kr.
Rekstrargjöld	1.161.687 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>- 57 kr.</u>
Afgangur ársins	2.376.806 kr.
<u>Eigið fé í árslok</u>	<u>4.967.334 kr.</u>

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Engar umræður urðu um ársreikning og skýrslu stjórnar. Fundarstjóri bar ársreikninginn undir atkvæði. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða með handauppréttingu.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2022, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur	6.900.000 kr.
<u>Rekstrargjöld</u>	<u>2.300.000 kr.</u>
Rekstrarafgangur ársins	4.600.000 kr.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að áin verði veiðanleg amk. 53 daga og reiknast leigutekjur út frá því en þær tvöfaldast milli ára í samræmi við samningsviðaukann sem samþykktur var á aðalfundi í fyrra. Einnig er gert ráð fyrir að 500 þús. kr. styrkur fáiist úr Fiskræktarsjóði til bæta aðgengi við ána, bæta merkingar og laga fiskveg þar sem þarf. Útgjöld til framkvæmda eru áætluð í samræmi við það. Þá er reiknað með að kostnaður við bókhald hækki og leggja þurfi út fyrir nýrri gerð og útgáfu á veiðikortum. Áfram er gert ráð fyrir að landeigendur geti sótt um styrki til framkvæmda til stjórnar og er eyðublað fyrir það á heimasíðu félagsins.

Agnar spurði hvort ekki væri hægt að sækja styrki víðar en til Fiskræktarsjóðs til að bæta aðgengið svo að hægt sé að vinna skipulegar í þeirri uppbyggingu af krafti. Þeirri tillögu var vísað til stjórnar.

Aðrar umræður urðu ekki um fjárhagsáætlun og var hún samþykkt samhljóða.

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir fundinum.

8. Kosningar:

a. Kosning formanns til 3ja ára

Fundarstjóri sagði að Þorvaldur P. Hjarðar gæfi kost á sér til að sitja önnur þrjú ár sem formaður en lýsti eftir fleiri framboðum. Enginn annar bauð sig fram. Þorvaldur klappaður inn í formannsembættið til næstu 3ja ára.

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Á síðasta aðalfundi voru varamenn kosnir: Agnar Benediktsson 1. varamaður Þorsteinn Gústafsson 2. varamaður og Stefanía Karlsdóttir 3. varamaður. Þau gefa öll kost á sér áfram. Enginn önnur framboð komu fram. Agnar, Þorsteinn og Stefanía klöppuð inn sem varamenn næsta starfsárið í sömu röð og áður.

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Tillaga um Sólrúnu Hauksdóttir og Ragnar Antonsson sem aðalskoðunarmenn og Benedikt Arnórsson til vara. Samþykkt samhljóða.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru endurkosnir: Hallgrímur Þórhallsson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Benedikt Arnórsson og Bragi Steinar Björgvinsson kosnir til vara.

9. Arðgreiðslur

Þorvaldur formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar um arðgreiðslur sem byggir á því að leigugreiðslur eru að tvöfaldast og fyrir vikið verður meira til skiptanna og hægt að hækka úr 60% í 70% af leigutekjum:

Stjórn veiðifélagsins leggur til eftirfarandi varðandi arðgreiðslur 2022:

Að 70% af leigutekjum 2022 fari í arðgreiðslur ársins.

Þessi tillaga var borin upp og samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Agnar Benediktsson spurði um stöðu veiðikorta og lagði til að bætt yrði inn á kortin að menn sýndu aðgát þar sem keyrt er í gegnum hlaðið á bæjum og menn væru áfram áminntir að loka hliðum. Einnig spurði hann hvort veiðistaðamerkin hefðu ekki verið teknar inn í vetur. Guðmundur Óla sagði að það hefði ekki verið gert en unnið væri að gerð nýrra merkja sem entust betur þar sem þessi hefðu ekki reynst eins endingargóð og talið var í upphafi. Agnar ítraði að hann teldi farsælla að veiðifélagið stæði skipulegar að uppbyggingu á aðgengi að ánni en verið hefur og tæki t.d. fyrir ákveðin svæði. Einnig væri mikilvægt að koma ábendingum um hvar þyrfti að bæta aðgengið til landeigenda.

Sólrún Hauksdóttir spurði hvort veiðifélagið gæti skaffað þrílur yfir girðingar því að þau hefði t.d. fengið eina lánaða vegna veiðistaðar hjá þeim og hefði það aukið ásókn veiðimanna í það svæði. Skúli Björn sagði að félagið væri búið að láta smíða nokkrar þrílur sem yrði hægt að setja á valda staði í sumar.

Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur og Pétur Jónsson frá Veiðifélagi Hofsár hafði verið boðið til aðalfundarins til að segja aðeins frá starfseminni í Vopnafirði. Þau sögðu m.a. frá hrognagreftri sem hefur verið stundaður síðustu ár við Hofsá og á vatnasvæði hennar lengst inn á heiði. Allar veiðibækur eru færðar rafrænt og hefur það gefið góða raun. Þuríður sagði að framtíðin væri klárlega að koma bæði skráningu og veiðikortum í símana og Angling IQ væri að reynast vel. Fundarmenn spurðu þau Þuríði og Pétur um ýmislegt og spunnust góðar umræður út frá langri reynslu þeirra í Vopnafirði af rekstri veiðifélaga.

Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri sagði sig frá störfum. Þorvaldur formaður þakkaði fyrir góðan fund og fyrir traustið að fá að gegna formennsku áfram næstu þrjú árin. *Að því búnu sleit hann fundi kl. 16.10.*

Aðalsteinn Jónsson fundarstjóri

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 23. apríl 2022

1. Blöndugerði	Ábúandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
2. Blöndubakki	Ábúandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
3. Stóri-Bakki	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
4. Árbakki	Landeigandi	
5. Litli-Bakki	Landeigandi	Skúli Björn Gunnarsson umboð
6. Hrærekslækur	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
7. Galtastaðir út	Landeigandi	
8. Geirastaðir II	Landeigandi	Þorsteinn P. Gústafsson
9. Húsey I	Ábúandi	
10. Húsey II	Landeigandi	
11. Valþjófsstaður	Landeigandi	
12. Aðalból	Ábúandi	
13. Vaðbrekka	Ábúandi	
14. Skriðuklaustur	Ábúandi	Skúli Björn Gunnarsson umboð
15. Klaustursel	Landeigandi	Aðalsteinn I. Jónsson umboð
16. Merki	Ábúandi	Sólrún Hauksdóttir
17. Arnarhóll	Ábúandi	Sólrún Hauksdóttir
18. Arnórsstaðapartur	Landeigandi	Sólrún Hauksdóttir
19. Gauksstaðir	Landeigandi	
20. Mælivellir	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
21. Skuggahlíð	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
22. Hnefilsdalur I	Landeigandi	Stefán H. Jónsson
23. Hnefilsdalur II	Landeigandi	Stefán H. Jónsson
24. Smáragrund	Landeigandi	
25. Skeggjastaðir	Landeigandi	
26. Refshöfði	Landeigandi	
27. Teigasel	Landeigandi/Ábúandi	
28. Gil	Landeigandi	
29. Hrúthamrar	Landeigandi	
30. Hauksstaðir	Landeigandi	Snæbjörn Ólason
31. Hrólfsstaðir	Landeigandi	Guðmundur Ólason
32. Hvanná I	Landeigandi	Agnar Benediktsson umboð
33. Hvanná II	Landeigandi	Agnar Benediktsson
34. Hvanná III	Landeigandi	Agnar Benediktsson umboð
35. Hofteigur	Ábúandi	
36. Hjarðargrund	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
37. Hjarðarhagi	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar
38. Skjöldólfsstaðir I	Landeigandi	
39. Skjöldólfsstaðir II	Landeigandi	
40. Gilsá	Landeigandi	
41. Arnórsstaðir I og II	Landeigandi	
42. Arnórsstaðir III	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
43. Hákonarstaðir I	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
44. Hákonarstaðir II	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
45. Hákonarstaðir III	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
46. Langagerði	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
47. Breiðilækur	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
48. Grund	Landeigandi	
49. Eiríksstaðir	Ábúandi	
50. Brú	Landeigandi	Anna Guðný Halldórsdóttir
51. Laugavellir	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar

52. Eyjasel	<i>Landeigandi</i>	
53. Hólmátunga	<i>Landeigandi</i>	
54. Torfastaðir	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
55. Árteigur	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
56. Hnithjörg	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
57. Bláeyri/Fagrahlíð	<i>Landeigandi</i>	
58. Hlíðarhús	<i>Landeigandi</i>	
59. Sleðbrjótssel	<i>Landeigandi</i>	
60. Mássel	<i>Landeigandi</i>	
61. Sleðbrjótur I	<i>Landeigandi</i>	
62. Sleðbrjótur II	<i>Landeigandi</i>	
63. Breiðamörk I	<i>Landeigandi</i>	
64. Breiðamörk II	<i>Landeigandi</i>	
65. Surtssstaðir	<i>Landeigandi</i>	
66. Hallgeirsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
67. Vörðubrún	<i>Landeigandi</i>	Lárus Brynjar Dvalinsson
68. Hrafnabjörg I	<i>Landeigandi</i>	
69. Hrafnabjörg II	<i>Landeigandi</i>	
70. Hrafnabjörg III	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
71. Hrafnabjörg IV	<i>Landeigandi</i>	
72. Fossvellir I	<i>Landeigandi</i>	
73. Fossvellir II	<i>Landeigandi</i>	
74. Selland	<i>Landeigandi</i>	

Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal flutt af formanni á aðalfundi félagsins 23. apríl 2022

Stjórn félagsins síðasta árið skipuðu: Þorvaldur P. Hjarðar formaður
Skúli Björn Gunnarsson ritari
Halla Eiríksdóttir gjaldkeri
Gestur Jens Hallgrímsson og
Lárus Brynjar Dvalinsson meðstjórnendur

Varamennirnir, Agnar Benediktsson, Þorsteinn P. Gústafsson og Stefanía Karlsdóttir, voru boðaðir á alla stjórnarfundum og sátu marga þeirra. Haldnir voru sex formlegir stjórnarfundir á starfsárinu og fóru allir vel fram en hluti fundarmanna var oft í fjarsambandi gegnum Zoom vegna sóttvarnartilmæla.

Félagsstarfið

Félagið fékk 500 þús. kr. úr Fiskræktarsjóði til að halda áfram að bæta aðgengi og merkingar við ána í samvinnu við landeigendur. Stjórn ákvað að hægt yrði að sækja um allt að 200 þús. kr. styrk og greitt væri að hámarki 50% af kostnaði. Eyðublað og reglur eru aðgengileg á heimasíðu félagsins jokla.org.

Fréttabréfið var með hefðbundnu sniði og gefið út í júní. Tiltekt var sunnudaginn 26. júní. Byrjað var á grilli við Hálsakot og síðan farið í tiltekt og í kjölfarið boðið upp veiði á völdum stöðum að höfðu samráði við leigutaka. Stjórn hafði samráð um útfærslu og skipulag dagsins. Í vikunni á eftir kom vinnuhópur frá Landsvirkjun til að laga veiðistíga og hæla gönguleiðir að veiðistöðum. Ekkert var úr áformuðu kastnámskeiði fyrir áhugasama til að byggja upp veiðimenninguna á svæðinu og var það covidinu að kenna. Ætlunin er ræða við Björgvin hjá Veiðiflugunni um að halda næsta námskeið í sumar. Auglýst verður eftir áhuga í fréttabréfinu fyrir bæði grunnnámskeiði og framhaldsnámskeiði út við ána.

Fjármál

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að innheimta leigugjald fyrir bæði 2020 og 2021, í samræmi við samninga við leigutaka, og greiða út 60% af þeim í arði vegna þessara tveggja ára. Tafir hafa orðið á þessum arðgreiðslum en þær voru þó greiddar út til veiðiréttarhafa nú fyrir aðalfundinn. Tafirnar má rekja til þess að starfsmanni í bankanum þótti letið svo smátt að ekkert var gert fyrr en var farið að athuga um málið. Sennilega eru bankamenn vanir stærri tölum þegar um arðgreiðslur er að ræða. Launamiðar voru keyrðar út um áramót vegna arðgreiðslna 2020 og sendir inn vegna tekna 2021.

Stjórnarmenn samþykktu á síðasta stjórnarfundum fyrir aðalfund að halda þeirri hefð að ákveða hlutfall af leigutekjum til arðgreiðslu á aðalfundi yfirstandandi árs og greiða út á því ári. Það þýðir að á árinu 2022 verða færðar greiðslur vegna 2021 og 2022 og sendir launamiðar fyrir því vegna ársins 2022. Jafnframt var samþykkt að koma bókhaldinu öllu á einn stað á þessu ári og gjaldkera falið að kanna kostnað hjá þjónustuaðilum, en bókhaldið hefur fram til þessa verið hjá Bókráði og MT bókhaldi.

Veiðin

Sumarin 2021 var ágætt veiðisumar miðað við aðstæður. Alls veiddust rúmlega 540 laxar á veiðisvæðinu og þar af voru aðeins um 39 úr þverám, en restin úr Jökulsánni sjálfri. Laxá og Kaldá voru vatnslitlar og veiðin eftir því. Silungsveiði var svipuð og árið á undan. Yfirfallið kom ekki fyrr en 24. ágúst og varð áin ekki aftur veiðanleg fyrir lok veiðitímans. Yfirfallið var þar að auki meira en nokkru sinni fyrr og fór upp í 500 rúmmetra. Hólaflúð og Húsármót voru aflahæstu veiðistaðirnir og óvenjugóð veiði var á Jöklu 2. Stærð fiska var með ágætum en samt veiddist aðeins einn „hundraðkall“. Dræm veiði var á neðsta svæði, þ.e. neðan við brú kringum Laxá og Fossá. Efsti veiðistaður var eins og áður við ósa Treglu milli Merkis og Hákonarstaða. Svo virðist sem Kastið sé hindrun og enginn lax fannst við veiðar ofan þess.

Um 55 þúsund eins árs seiðum var sleppt í Jöklu árið 2021 og 36 þúsund gönguseiðum í þverár. Bókanir voru þokkalegar og komu bæði innlendir og erlendir veiðimenn og nutu veiði og veðurbliðu sem var full mikil til laxveiða.

Kaldárdeild

Félaginu barst erindi frá Fiskistofu um að stjórn tæki til afgreiðslu arðskrármál Veiðifélags Kaldár þar sem það félag væri skilgreint sem deild undir Jöklufélaginu. Með fylgdi aðalfundargerð frá 26. júní 2019 þar sem samþykkt var að arðskrá við Kaldá skiptist samkvæmt bakkalengd jarða ásamt skýrslu frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins með bakkamælingum. Stjórn gerði svohljóðandi bókun: „Stjórn Veiðifélags Jökulsár á Dal gerir ekki athugasemdir við samþykkt um arðskrá Veiðifélags Kaldár miðað við þau gögn sem lögð voru fyrir stjórnina.“

Landsambandið

Aðalfund Landsambands veiðifélaga sem átti að halda í Þingeyjarsýslum en var frestað annað árið í röð og að lokum haldinn á Hótel Sögu í október þar sem hægt var að horfa á hann í fjarfundi en ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu nema mæta í eigin persónu. Félagið sendi engan á fundinn en á honum var Jón Helgi Björnsson endurkjörinn formaður.

Fiskeldið

Formaður hefur setið fundi um laxeldismál á árinu. Deilur eru um laxeldi í Seyðisfirði þar sem meirihluti íbúa hefur hafnað því að laxeldi komi í fjörðinn. Þá tók stjórn fyrir ályktun varðandi eldisáform hjá Raufarhöfn sem Landssamband veiðifélaga og NASF unnu. Óskað var eftir því að veiðifélög á norðausturhorninu skrifuðu undir ályktunina og var stjórn einhuga um að veiðifélagið tæki þátt í því.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka sem og öðrum fyrir gott samstarf á árinu. Spennandi veiðiár er framundan með breyttu fyrirkomulagi á skiptingu veiðisvæða og betri aðstöðu í Hálsakoti fyrir veiðimenn.

*Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
Þorvaldur P. Hjarðar formaður*

**Veiðifélag
Jökulsár á Dal.
Kt. 61.12.06-0700.**

Ársreikningur 2021.



Skýrsla stjórnar

Félagið var stofnað árið 2006 til að annast umsýslu lögum samkvæmt með veiðimálum og öðru því viðkomandi við Jökulsá á Dal.

Árið 2021 var starfsemi fremur venjubundin. Efnt var til hreinsunarátaks, slóðagerð styrkt, merkingar bættar og gefið út fréttabréf.

Arðsúthlutun var reiknuð fyrir árin 2020 og 2021 í samræmi við samþykktir aðalfundar. Arður til veiðiréttarhafa er bókaður í reikningum og greiddur út árið 2022.

Leigutaki hefur staðið skil á leigugreiðslum og ríflega það. Hinn 30. des. 2020 greiddi leigutaki 600.000 kr. inn á leigu fyrir árið 2020 en greiddi svo alla leigu fyrir árið 23. apríl 2021. Eru 600.000 kr. því bókaðar sem skuld við Strengi.

Veiðidagar urðu 59 talsins en veiði hófst 27. júní og lauk þegar yfirfall kom á 24. ágúst. Var leiga ársins greidd í samræmi við það eins og samningar gera ráð fyrir.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu, samtals að upphæð kr. 2.376.806 og eigið fé félagsins í árslok var kr. 4.967.334.

Engin laun voru greidd á árinu en verktakajónusta keypt eftir því sem þurfti. Ekki eru gerðar tillögur um útborgun þóknunar stjórnarmanna og afkoma ársins flutt óráðstöfuð til næsta árs og bætist við afkomu fyrri ára.

Egilsstöðum 11. apríl 2022.

Í stjórn Veiðifélags Jökulsár á Dal.

Þóroddur P. Kjartansson
Skali Björn
Pósti P. Guðstíðsson
Halla Einlund

Til stjórnar í veiðifélagi Jökulsár á Dal.


Undirritaður hefur samið ársreikning þennan eftir bókhaldi félagsins, öðrum gögnum þess og upplýsingum frá stjórn félagsins.

Bókhaldið er fremur fábreytt, en unnið var að ýmsum verkefnum hjá félaginu, eftir því sem félagsfundir og stjórn ákváðu, hverju sinni.


Ársreikningurinn sem er á 6 blaðsíðum, hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt áritun bókara og er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. des. 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reiknings-skilavenju.

Egilsstöðum 10. apríl 2022.


Sigurjón Jónasson.

Áritun skoðunarmanna:


Ragnur Antonsen.

Rekstrarreikningur 2021

Veiðifélag Jökulsár á Dal

Tekjur	2021	2020
Leiga, (veiðifél. Strengir ehf.)	3.038.436	2.893.358
Styrkur, Fiskræktarsjóður	500.000	500.000
Aðrar tekjur	0	0
Samtals tekjur	3.538.436	3.393.358
Rekstrargjöld	2021	2020
Lagfæring á laxastiga	0	0
Námskeið og tiltekt á svæðinu	44.344	28.856
Ferðakostnaður	0	0
Stíkur o.fl.	285.200	0
Veiðikortagerð	72.170	35.960
Styrkveitingar í slóðagerð	490.000	100.000
Kostn. við minkaveiðar	0	0
Fréttabréf og vefkostnaður	118.064	37.015
Árgj. landssamb. og leyfisgjöld	71.122	62.118
Fundarkostn. Félags- og aðalfundir	40.000	22.500
Bókhald og lögfræðipjónusta	30.000	89.388
Burðargjöld og fleira smálegt	10.787	0
Samtals rekstrarkostn.	1.161.687	375.837
Rekstrartap/-hagn. fyrir fjármagnsliði	2.376.749	3.017.521
Fjárm.tekjur og gjöld		
Vaxtatekjur	13.086	21.786
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	-2.875	-4.783
Vaxtagjöld ársins	-10.154	-25.324
Fjármagnsliðir samtals:	57	-8.321
Hagn./-Tap ársins	2.376.806	3.009.200

Efnahagsreikn. 31.12. 2021

Veiðifélag Jökulsdár á Dal.

Eignir:	2021	2020
Veltufjármunir:		
Bankareikningur nr. 6100	7.373.421	2.074.383
Bankabók nr. 000696	2.009.888	2.008.453
Bók nr. 110239 (arðsreikn.)	100.211	100.172
Millireikningur í Arion banka hf.	0	327
Inneign hjá Logg ehf.	60.900	60.900
Inneign Sævar Örn Georgsson	10.697	10.697
Inneign hjá Streng	0	2.293.358
Veltufjármunir samtals	9.555.117	6.548.290
Eignir samtals	9.555.117	6.548.290

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:			
Skuld á tékkareikningi	0		0
Skuld við gjaldkera	0		0
Skuld við fyrrv. gjaldkera	14.415		14.415
F.f. greitt Strengur	600.000		0
Þorvaldur Hjarðar	3.870		0
Skúli Björn Gunnarsson	26.151		0
Óútborgaður arður 2018	79.805		79.805
Óútborgaður arður 2019	304.465		304.465
Óútborgaður arður 2020	1.736.015		0
Óútborgaður arður 2021	1.823.062		0
Skammtímaskuldir samtals	4.587.783		398.685
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 1. jan.	6.149.605		3.140.405
Arðsúthlutun 2020 og 2021	-3.559.077		0
Hagnaður/-tap ársins	2.376.806		3.009.200
Eigið fé samtals	4.967.334	0	6.149.605
Skuldir og eigið fé samtals	9.555.117	0	6.548.290

Yfirlit yfir sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		2.376.806	3.009.200
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		0	0
Veltufé frá (til) rekstrar		2.376.806	3.009.200
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		2.293.358	-2.293.358
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		4.189.098	-1.648.417
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		6.482.456	-3.941.775
Handbært fé frá (til) rekstrar		8.859.262	-932.575
Fjármögnunarhreyfingar:			
Kaupverð fastafjármuna		0	0
Ný langtímalán		0	0
Langtímalán, hækkun (lækkun)		0	0
Arðsúthlutun 2020/21		-3.559.077	0
Beinir skattar, útv.r.gjald		0	0
Fjármögnunarhreyfingar		-3.559.077	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		5.300.185	-932.575
Handbært fé í ársbyrjun		4.183.335	5.115.910
Handbært fé í árslok		9.483.520	4.183.335

Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2022

lögð fyrir aðalfund 23. apríl 2022

	Áætlun 2022	Raun 2021	Áætl. 2021	Raun 2020	Raun 2019
Eigið fé í ársbyrjun	4.967.334	6.149.605	6.149.605	3.140.405	5.833.862
Tekjur:					
Leigutekjur	6.400.000	3.038.436	2.500.000	2.893.358	1.700.000
Aðrar tekjur	500.000	500.000	1.000.000	500.000	0
Tekjur alls	6.900.000	3.538.436	3.500.000	3.393.358	1.700.000
Gjöld:					
Fundakostnaður	150.000	40.000	150.000	22.500	97.440
Laun stjórnar	0			0	
Launakostn. v. verkefna			300.000		
Bókhald og lögfræðipjónusta	200.000	30.000	90.000	89.388	85.169
Arðskrárgerð				0	
Sérfræðipjónusta	50.000		50.000	0	
Framkvæmdir					
Merkingar veiðistaða	300.000	285.200	300.000	28.856	
Veiðivegir og stígar	500.000	490.000	500.000	100.000	
Fiskvegir	500.000		600.000	0	148.800
Útgáfa og innra félagsstarf					
Fréttabréf og heimasíða	80.000	118.064	80.000	37.015	55.463
Veiðikort	400.000	72.170	120.000	35.960	
Námskeið o.fl.	50.000	44.344	30.000	0	34.965
Eyðing vargs				0	0
Annar kostnaður	70.000	81.909	60.000	62.118	63.704
Gjöld alls	2.300.000	1.161.687	2.280.000	375.837	485.541
Fjármagnst. & gjöld		57	25.000	8.321	92.084
Rekstraraufg.(halli)	4.600.000	2.376.806	1.245.000	3.009.200	1.306.543
Arðsúthlutun leigu ársins	-4.450.000	-3.559.077	-3.236.015	0	-1.020.000
Arðsúthlutun höfuðstól				0	-2.980.000
Ógr. arður á vörslureikn.		3.943.347		384.270	384.270
Eigið fé í árslok	5.117.334	4.967.334	4.158.590	6.149.605	3.140.405